

**Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar**  
**Lokaskýrsla vegna styrks úr Sprotasjóði**  
**2015 - 2016**  
**Teymiskennsla**

## **Nafn skóla**

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

## **Nafn verkefnis**

Teymiskennsla

## **Nafn verkefnisstjóra**

Jón Rúnar Hilmarsson

## **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Að innleiða framkvæmd teymiskennslu í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar næsta vetur. Teymin: elsti árgangur leikskólans og 1. bekkur, 2. – 4. bekkur, 5. – 7. bekkur, 8. – 10. bekkur og list- og verkgreinateymi.

## **Leiðir að verkefni**

Í upphafi fengum við Pórhildi Helgu Þorleifsdóttur til að kynna teymiskennslu fyrir starfsmannahópnum. Jafnframt tilkynnt að teymiskennsla hæfist í skólanum haustið 2015. Kennarar hvattir til að lesa sér til um teymiskennslu og gögnum dreift til þeirra. Þeir einnig hvattir til óska eftir fyrirlestrum um teymiskennslu og fara í skólaheimsóknir og kynna sér teymiskennslu. Í stundatöflusmíði fyrir skólaárið var séð til þess að kennarar hefðu sameiginlegar eyður í töflu svo tryggt væri að þeir hefðu sameiginlegan fundartíma. Haustið 2015 fengu kennarar drög að starfslýsingu teyma sem þeir unnu eftir.

## **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Verkefnið gekk eftir fyrir utan að stuðningur frá stjórnendum var ábótavant, fundir þvert á teymin voru allt of fáir og fundargerðir voru ekki ritaðar nema í einstaka tilfelli. Hins vegar voru teknir niður punktar. Samstarf milli teyma var lítið sem ekkert og það þarf að stórauka. Utanaðkomandi fræðsla hefði mátt vera meiri.

## **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Breyttar aðstæður á yngsta stigi sem ekki var hægt að sjá fyrir við skipulagningu skólaársins gerðu það að verkum að við þurftum að gera skipulagsbreytingar í 1. – 4. bekk á skólaárinu. Mikill tími sem annars hefði farið í samvinnu og faglega skólaumræðu fór í að finna bestu lausnirnar við þeim vanda sem blasti við. Í lok janúar var skipulagsbreytingum lokið og eftir það fór að ganga betur. Í upphafi voru 2. – 4. bekkur saman og fyrsti bekkur að mestu sér en þó í samstarfi 16 sinnum á árinu með elsta árgangi leikskólans og af og til með nemendum í 2. – 4. bekk. Þessu fyrirkomulagi var breytt og 1. og 2. bekkur urðu teymi og svo 3. og 4. bekkur. Eftir sem áður var 1. – 4. bekkur eitt teymi og 1. bekkur og leikskólabörn líka í teymisvinnu. Það reyndist þó

annmörkum háð þar sem leikskólinn og grunnskólinn eru ekki í sama húsi, 5 km á milli.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu**

Samstarf kennaranna jókst til muna, einyrkjavinnubrögð sáust nánast ekki. Kennarar lærðu hver af öðrum og styrktu sig í starfi. Sameiginleg ábyrgð á nemendahópum og verkefnum. Vinnugleði, metnaður og virkni í nemendahópum. Markmiðssetning og utanumhald mun meira og betra. Mismunandi styrkleikar innan teyma nýttust vel í að gera skólastarfið heildstætt og áhugavert fyrir nemendur.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Margt jákvætt sem við upplifðum í innleiðingunni. Við teljum að verkefnið hafi eflt skólann okkar. Lærdómssamfélag þar sem nám nemenda er aðalatriðið, fagleg skólaumræða fer reglulega fram og skólasamfélagið í heild sinni vinnur saman að hagsmunum allra er það sem verkefnið gerði okkur betri í. En við erum ekki fullnumin, verkefnið er í þróun, það hefur nú þegar haft heilmikil áhrif á skólastarfið og mun hafa áfram. Við erum reynslunni ríkari, sjáum annmarkana frá því í fyrra og gerum betur á komandi skólaárum.

### **Niðurstöður verkefnisins**

#### **a) Yfirlit yfir það sem koma fram við framkvæmd verkefnisins.**

- Fagþekking í einstökum námsgreinum innan teymis getur verið ábótavant, sérstaklega í litlum sveitaskóla þar sem starfsmannahópurinn er fámennur. Við vissum fyrir af þessari hindrun varðandi fagþekkingu í dönsku en gerðar voru þær kröfur til kennaranna að þeir sinntu dönskukennslu þó þeir hefðu hana ekki sem sérgrein úr kennaranáminu. Við erum sammála um að við þurfum að gera betur þar.
- Kennarar voru of oft beðnir um að taka forföll á fundartíma teyma. Mikilvægt er að tryggja að kennarar séu ekki beðnir um það.
- Stuðningur stjórnenda var ekki nógu mikill, úr þessu þarf að bæta. Stjórnendur þurfa að mæta oftari í tíma og vinna með börnunum, upplifa kennsluna og taka í kjölfarið faglegar samræður með kennarahópnum.
- Samstarf milli teyma var ekki nógu mikið og þar þurfum við að bæta verulega í. Teymin þurfa að vinna meira saman og miðla hvert til annars.
- Í viðhorfskönnun sem gerð var meðal foreldra s.l. vor kemur fram að rétt tæplega helmingur þeirra sem svöruðu eru mjög sáttir eða frekar sáttir með

teymisfyrirkomulagið. Margir voru reyndar hlutlausir. Við þurfum að kynna kosti teymiskennslunnar fyrir foreldrum.

- Kennsluhættir urðu skipulagðari og fjölbreyttari. Greina mátti aukna virkni, ábyrgð og metnað nemenda, sérstaklega í eldri bekkjum skólans.
- Flestir nemendur skólans eru sáttir við teymisfyrirkomulagið og finnst gott að hafa aðgang að fleirum en einum umsjónarkennara.
- Nemendur fengu meira val um viðfangsefni og skil á verkefnum.
- Regluleg einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem þeir settu sér markmið.
- Markviss eftirfylgni og endurgjöf kennara við nemendur varð skilvirkari.
- Starfsmenn lærðu hver af öðrum og fagleg umræða um skólastarf jókst til muna.
- Horft var meira á styrkleika nemenda.
- Fjölbreytt og heildstæð þemaverkefni urðu fleiri.
- Í forföllum kennara var haldið áfram með kennsluáætlanir þar sem starfsfólkið skipulagði saman og því allir vel inni í þeim málum.
- Samstarf innan teymanna var markvisst og gagnlegt, vel gekk að skipuleggja og verkaskipting gekk vel.
- Áherslum skólans í spjaldtölvunotkun og umhverfismennt voru gerð betri skil en áður. Sameiginlega tókst kennurum betur að fylgja þeim eftir.
- Það sama má segja um gildi skólans og grunnþætti menntunar úr aðalnámskrá.
- Skólasamstarfið með leikskólabörnunum var fjölbreytt t.d. sameiginleg verkefni, leiksýningar, vettvangsferðir og vorferðir.
- Teymisfundir leik- og grunnskólakennara voru haldnir reglulega á skólaárinu. Þá voru ýmist rædd skipulagsmál eða fagleg skólaumræða t.d. ólíkar og líkar áherslur leik- og grunnskóla og aðferðafræði leikskóla- og byrjendalæsis.
- Sameiginleg læssistefna leik- og grunnskóla var unnin á teymisfundum.
- Unglingum stóð til boða að skrá sig í leikskólaval. Þeir sem það gerðu fengu að dvelja einn dag í leikskólanum og vinna með börnunum þar undir handleiðslu leikskólakennara. Þeir fengu einnig fræðslu um leikskólastarfið og þroska barna, þeir sömdu sögu og myndskreyttu í bók sem þeir gáfu leikskólabörnunum og lásu fyrir börnin.
- Nemendur í 4. og 7. bekk lásu fyrir leikskólabörnin sem sungu fyrir grunnskólanemendur.
- Sameiginlegt leikatriði leikskólabarna og 1. bekkjar var á Fullveldishátíð skólans.
- Hafa þarf í huga að kennarar fái tækifæri til fjölbreyttra starfa, t.d. fara á milli stiga/teyma.

**b) Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?**

Já, við innleiddum teymiskennslu. Sumt gekk mjög vel en við þurfum að bæta okkur í öðru sbr. samantektina hér að framan.

**c) Heldur verkefnið áfram innan skólans?**

Já, verkefnið heldur áfram innan skólans. Teymisstarfið gekk heilt yfir vel og kennarar ýmist mjög sáttir eða nokkuð sáttir með veturinn. Kennarar lærðu mikið hver af öðrum og styrktu sig í starfi.

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Skýrsla um verkefnið verður kynnt í skólasamfélaginu, sett í árskýrslu og á heimasíðu skólans.

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa Sprotasjóð um**

Ábyrgðaraðili og verkefnisstjóri verkefnisins sagði stöðu sinni lausri í sumar og er ekki lengur starfandi við skólann. Undirrituð tók við verkefninu.

**4. september 2016**

*Sigríður Lára Guðmundsdóttir*

**Sigríður Lára Guðmundsdóttir**

**Verkefnisstjóri og starfandi skólastjóri ábyrgðarskóla**